

Alþingi  
Erindi nr. P 133/13/  
komudagur 5. 3. 2007/1



NEYTENDASTOFA

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 05.03.2007  
Tilv. 2007/0208 - 0.0.1  
ABH

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, 617. mál**

Með bréfi, dags. 27. febrúar 2007, óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um neytendavernd, 617. mál.

Neytendastofa hefur farið yfir frumvarpið og vill gera tillögur um eftirfarandi breytingar:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er Neytendastofu veitt heimild til gera athuganir á starfsstöðvum þeirra sem löggin taka til að fengnum dómsúrskurði með vísan til reglugerðar EB nr. 2006/2004. Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til þess að ákvæðið sé sambærilegt við ákvæði samkeppnislaga um vettvangsrannsókn að öðru leyti en því aðekki er gert ráð fyrir að Neytendastofa geti haldlagt gögn.

Í þeim alvarlegu tilvikum þar sem málavöxtum háttar svo til að talin sé þörf á vettvangsrannsókn, og að fengnum dómsúrskurði, er vandséð hvaða tilgangi slík rannsókn þjónar ef ekki fylgir henni heimild til að leggja hald á þau gögn sem mögulega myndust við vettvangsrannsóknina.

Jafnframt skal bent á að þegar Danir innleiddu nýlega sömu reglugerð með lögum nr. 1547 frá 20. desember 2002, er í 3. mgr. 22. gr. a sérstaklega tekið fram að við vettvangsrannsókn megi taka afrit af gögnum, þ.m.t. tölvugögnum sem hýst eru annars staðar.

Með vísan til framangreinds leggur Neytendastofa til að orðunum „og lagt hald á gögn“ verði bætt við 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

2. Í 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins er lagt til að við lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, lög um neytendalán og lög um alferðir bætist að ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gildi um úrræði Neytendastofu.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu, 378. mál, sem nú er fyrir Alþingi er nú þegar gert ráð fyrir breytingu á fyrrgreindum lögum. Í því frumvarpi er tekið fram að um meðferð mála hjá Neytendastofu fari samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með

óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Neytendastofa telur að breytingarnar í máli 378 taki einnig til þess að úrræði Neytendastofu gildi og því sé óþörf sú breyting sem lögð er til í því frumvarpi sem nú er til meðferðar. Neytendastofa leggur því til að greinar 3, 4 og 5 verði felldar brott.

3. Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að Neytendastofa hafi eftirlit með lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997. Neytendastofa gerir ekki athugasemdir við það en til að gæta samræmis í málsmeðferð hjá stofnuninni, og til samræmis við breytingar á öðrum lögum sem stofnunin hefur eftirlit með, sbr. 378. mál, leggur stofnunin til að 10. grein laganna orðist svo:

*„Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. Um meðferð mála hjá Neytendastofu og úrræði stofnunarinnar fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.*

*Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir.*

*Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.*

*Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.“*

Þá er lagt til að núverandi 10. gr. laganna verði 12. gr.

Neytendastofa telur að öðru leyti ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,  
f.h. Neytendastofu

  
Anna Birna Halldórsdóttir